



AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VEGNA VEGAR UM DYNJANDISHEIÐI

Greinargerð og umhverfismatsskýrsla

8. júní 2022



AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

Breyting á aðalskipulagi vegna vegar um Dynjandisheiði

Greinargerð og umhverfismatsskýrsla


Breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010





Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Tilgangur og markmið.....	1
1.2	Málsmeðferð og kynning.....	1
2	Forsendur	2
2.1	Skipulagssvæðið	2
2.2	Náttúruverndarsvæði og náttúruminjar.....	2
2.3	Menningarminjar.....	2
2.4	Tengsl við aðrar áætlanir.....	2
3	Breyting á aðalskipulagi	4
3.1	Breyting á uppdrátti	4
3.2	Breyting í greinargerð	4
4	Umhverfismatsskýrsla	6
4.1	Matsskýrsla - umhverfismat framkvæmdar	6
4.2	Umhverfismat Aðalskipulagsbreytingar	7
4.3	Áhrif aðalskipulagsbreytingar og eftirfylgni	9
5	Heimildir	12





Samþykktir og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann

28/8 '23



Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

2/11 '23



Önnur skipulagsgögn

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Breyting á aðalskipulagi vegna vegar um Dynjandisheiði. Uppdráttur í mælikvarða 1:50.000, blaðstærð A2, dags. 8. júní 2022.



1 INNGANGUR

1.1 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vegagerðin áformar að endurbryggja veg nr. 60 yfir Dynjandisheiði og veg nr. 63 Bíldudalsveg með það að markmiði að þeir nýtist sem heilsársvegin. Vegagerðin vann matsskýrslu¹ vegna verkefnisins í samræmi við þágildandi lög um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun gaf álit sitt um umhverfismatið í júlí 2020.

Markmiðið með aðalskipulagsbreytingunni er að gera heilsárssamgöngur mögulegar um Vestfjarðaveg, á milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða. Dýrafjarðargöng voru tekin í notkun í október 2020 en þau munu ekki nýtast að fullu fyrr en heilsárvegur hefur verið gerður yfir Dynjandisheiði.

Aðalskipulagsbreytingin heimilar nýja veglínus um Dynjandisheiði og sex ný efnistökusvæði á skipulagssvæðinu.

1.2 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Skipulags- og matslysing var kynnt frá 4. júní til og með 20. júní 2021 fyrir umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi.

Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu, Landsneti, Umhverfisstofnun, Umhverfismálaráði Bolungarvíkur, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðslunni, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnun. Ein athugasemd barst frá almenningi. Tekin var efnisleg afstaða til umsagnanna og athugasemdarinnar við skipulagsgerðina.

Á 572. fundi sínum þann 22. des. 2021 lagði skipulags- og mannvirkjanefnd til að tillaga á vinnslustigi ásamt umhverfismati yrði kynnt skv. 2. mgr. 30 gr.

¹ Vegagerðin 2020

skipulagslaga 123/2010. Vinnslutillagan var auglýst þann 21. febrúar 2022 með fresti til að skila inn athugasemdu til 4. apríl 2022. Í tillögunni var gert ráð fyrir tveimur valkostum, þ.e. veglínum D og F. Ein athugasemd barst þar sem mælt var með veglínus D skv. auglýstri vinnslutillögu. Á 581. fundi sínum þann 6. apríl 2022 tók skipulags- og mannvirkjanefnd undir athugasemdina. Í kjölfarið var tillögunni breytt þannig að aðeins er gert ráð fyrir veglínus D, bæði á uppdrætti og í greinargerð. Umhverfismatsskýrslan er óbreytt, þar eru áhrif leiða D og F metin.

Skipulagstillagan var send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu skipulagsbreytingarinnar. Stofnunin gerði ekki athugasemd við að skipulagstillagan yrði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar brugðist hefði verið við tilteknum atriðum. Skipulagstillagan hefur verið lagfærð í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá 25. október til 7. desember 2022.

Umsagnir bárust frá: Landsneti, Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun, Vesturbyggð og Bolungarvíkurkaupstað. Enn fremur bárust þrjár athugasemdir frá almenningi. Umsagnir og athugasemdir leiddu ekki til breytinga á skipulaginu.



2 FORSENDUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐID

Vegurinn um Dynjandisheiði liggur frá Dynjandisvogi, annars vegar að Flókalundi í Vatnsfirði (vegur nr. 60) og hins vegar í Trostansfjörð í Arnarfirði og áfram að Bíldudal (vegur nr. 63), alls um 62-69 km. Mesta hæð fjallvegarins í dag er 500 m. Aðalskipulagsbreytingin nær yfir um 11 km langan kafla Vestfjarðarvegar (60) á Dynjandisheiði frá Mjólkárhlið að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar (mynd 4-1). Fjallað er um þann hluta vegarins sem tilheyrir Vesturbyggð í aðalskipulagi Vesturbyggðar.²

Breytingin tekur til skipulagsuppráttar og töflu 8.9 (efnistökusvæði) í greinargerð gildandi aðalskipulags.

2.2 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUMINJAR

Núverandi Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði liggur að hluta til á friðlýstu svæði og hverfisvernduðu svæði skv. aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Friðlýsta svæðið er Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandísá ásamt umhverfi, sem var friðlýst sem náttúrvætti árið 1981 og er svæðið tæplega 650 ha að stærð.³

Skipulagssvæðið er hverfisverndað í gildandi aðalskipulagi (auðkennt H1). Hverfisverndaða svæðið tekur til innanverðs Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, þ.m.t. Dynjanda. Hverfisverndinni er ætlað að varðveita sérkenni svæðisins, þ.e menningar- og náttúruminjar. Nánar er fjallað um stöðu skipulags í kafla 2.4.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að svæði kennt við Hærriöxl á Dynjandisheiði, sunnan við núverandi Vestfjarðarveg, verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár vegna ferskvatnsvistgerðar.

2.3 MENNINGARMINJAR

Náttúrustofa Vestfjarða vann fornleifakönnun vegna breytinga á Vestfjarðavegi.⁴ Innan marka aðalskipulagsbreytingar hafa fundist tíu fornminjar, fjórar í landi Borgar og sex í landi Dynjanda. Um er að ræða rudda vör, naust, þjóleið, rétt, fjárhús, garðlag, býli og sel. Í landi Borgar er þjóðleið frá Dynjanda að Borg, sem er í mikilli hættu vegna vegagerðar (1833-3). Í landi Dynjanda eru fjórar fornminjar í hættu, það eru fjárhús (1833-5 og 1833-6), garðlag (1833-7) og býli (1833-8).

Samþykki þarf frá Minjastofnun Íslands þar sem raska þarf fornminjum.

2.4 TENGLS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Landsskipulagsstefna

Aðalskipulagsbreytingin tengist einkum landsskipulagsstefnu um skipulag í dreifbýli og þá helst gr. 2.6 *Sjálfbærar samgöngur*. Þar er m.a. lögð áhersla á *samgöngur innan vinnusóknarsvæða*. Samkvæmt stefnumni skal skipulagsgerð sveitarfélaga stuðla að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meinkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.⁵

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við ofangreind markmið.

Svæðisskipulag

Ekkert svæðisskipulag er í gildi á skipulagssvæðinu.

² Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018

³ Umhverfisstofnun 2021

⁴ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2019

⁵ Landsskipulagsstefna



Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var staðfest 31. mars 2010 og tók gildi 20. apríl 2010.⁶ Gerðar hafa verið tíu breytingar á aðalskipulaginu.

Markmið Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar sem varða fyrirhugaða breytingu eru eftirfarandi:

Samgöngur

- Tryggja heilsárssamgöngur á milli þéttbýlisstaða og annarra svæða á Vestfjörðum. Mikilvægt er að samgöngubótum verði flýtt til að auka samkeppnishæfni svæðisins.
- Tryggja heilsárssamgöngur til annarra landshluta.
- Auka öryggi vegfarenda.
- Tekið verði tillit til náttúru og sérstöðu svæðisins við skipulag og ákvarðanatöku í samgöngumálum.

Efnistökusvæði

- Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi.
- Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt.

Náttúrumínjar

- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- Sérkenni svæðisins verði vernduð, en þau felast m.a. í lítt snortnum svæðum, fjörum, fjöllum, skógum og fuglalífi.
- Liffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við alþjóðaskuldbindingar.
- Verndun landslagsheilda og fjölbreytileika landslags.
- Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við ofangreind ákvæði Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.


⁶ Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020



3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

3.1 BREYTING Á UPPDRÆTTI

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á legu vegar nr. 60 yfir Dynjandisheiði og fjögur ný efnistökusvæði (E21-E24). Um er að ræða veglinu D úr umhverfismati Vegagerðarinnar (mynd 3-1 og 4-1).



Mynd 3-1 Mörk aðalskipulagsbreytingar. Ný veglína – leið D er sýnd innan rauðu brotalínunnar.

3.2 BREYTING Í GREINARGERÐ

Kafli 8.8 Efnistaka og vinnsla

Efnistökusvæði E21-E24 bætast við töflu 8.9 ásamt ákvæðum og umfangi.

Tafla 8.9 Efnistökusvæði í Ísafjarðarbæ

Náma	Gerð	Stærð	Áætlað efnismagn
E21 Sýslumörk	Klapparholt	1,8 ha	150.000 m ³
E22 Norðan Rauðatorgs slóða	Klapparholt	1,5 ha	90.000 m ³
E23 Sunnan Dynjandisár	Klapparholt	1,0 ha	40.000 m ³
E24 Neðriöxl	Klapparhjalli	0,6 ha	50.000 m ³

Ákvæði

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útvistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundin frágang og langtímafrágang námusvæðanna.

Ganga skal frá þeim svæðum sem ekki verða frekar nýtt.

Kafli 12.3 Reiðleiðir

Engin breyting er gerð á reiðleiðum. Staðsetning reiðleiða á skipulagsuppráttum er ekki nákvæm, sérstaklega ekki í dreifbýli. Þar sem þær eru samhlíða vegi er ekki tekin afstaða til þess hvoru megin við veginn þær liggja, þó svo þær séu sýndar á uppdrætti. Nákvæm lega og útfærsla verður ákvörðuð í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi.

Kafli 12.5 Vegr og jarðgögn

Breyting er gerð á ákvæðum fyrir Vestfjarðarveg nr. 60 um Dynjandisheiði í töflu 12.2.

Ekki er gert ráð fyrir nýrri starfsmannaaðstöðu vegna vegagerðar á Dynjandisheiði.



Tafla 12.2 Stofnvegir í sveitarfélagini. [Gildandi aðalskipulag]

Vegur/Lýsing	Ákvæði
Vestfjarðavegur nr. 60. Frá sýslumörkum á Dynjandisheiði , um Arnarfjörð, Dýrafjörð og Önundarfjörð að Djúpvegi í Skutulsfirði . Vegurinn liggur um Dynjandisheiði, Hrafneyrarheiði og göng undir Breiðadals- og Botnsheiði. Vegurinn er að hluta innan hverfisverndarsvæða H1 og H5 .	Gert er ráð fyrir því að vegurinn verði lagður í göng, annars vegar á milli botna Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og hins vegar á milli Arnarfjarðar og Breiðafjarðar með tilheyrandи tengingum að númerandi stofnvegum. Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á öðrum hlutum vegarins í samræmi við markmið í kafla 12. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum. Vegurinn um Hrafneyrarheiði að Þingeyri breytist í héraðsveg. Sjá töflu 12.4. Vegurinn að Þingeyri frá Vestfjarðavegi verður áfram stofnvegur. Vegurinn um Dynjandisheiði breytist í ferðamannaleið. Sjá töflu 12.4.

Tafla 12.2 Stofnvegir í sveitarfélagini. [Breytt aðalskipulag]

Vegur/Lýsing	Ákvæði
Vestfjarðavegur nr. 60. Frá sýslumörkum á Dynjandisheiði , um Arnarfjörð, Dýrafjörð og Önundarfjörð að Djúpvegi í Skutulsfirði . Vegurinn liggur um Dynjandisheiði, Hrafneyrarheiði og göng undir Breiðadals- og Botnsheiði.	Gert er ráð fyrir því að vegurinn verði lagður í göng, á milli botna Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Gert er ráð fyrir endurbótum á veginum frá Dýrafjarðargöngum að sveitarfélagsmörkum á Dynjandisheiði, með tilheyrandи tengingum að númerandi stofnvegum. Vegir skulu aðlagaðir að landslagi eins og kostur er og öllu raski skal haldið í lágmarki. Við frágang vegstæða skal að endurnýta staðargróður til uppgræðslu og lágmarka skal hættu á jarðvegsrofi. Eldri vegir sem ekki verða nýttir skulu fjarlægðir og það svæði sem eftir verður skal grætt upp með staðargróðri.

Vegurinn er að hluta innan hverfisverndarsvæða H1 og H5.	Leitast skal við að lágmarka áhrif á náttúru, náttúrumínjar og friðlýst svæði. Leitast skal við að endurheimta votlendi og birkiskóð sem raskast. Samráð skal haft við umráðanda háspennulína um framkvæmdir í nálægð við þær. Samráð skal haft við Minjastofnun um framkvæmdir nærrí forminjum. Gæta skal að mengunarvörnum við framkvæmdir. Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal kallað eftir mótvægisáðgerðum í tengslum við þá þætti sem bent er á í 5. kafla álits Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats framkvæmdarinnar. Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á öðrum hlutum vegarins í samræmi við markmið í kafla 12. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald vega á hverfisverndarsvæðum. Vegurinn um Hrafneyrarheiði að Þingeyri breytist í héraðsveg. Sjá töflu 12.4. Vegurinn að Þingeyri frá Vestfjarðavegi verður áfram stofnvegur. Vegurinn um Dynjandisheiði breytist í ferðamannaleið. Sjá töflu 12.4.
---	--



4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

4.1 MATSSKÝRSLA - UMHVERFISMAT FRAMKVÆMDAR

Mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðarvegar (60) um Dynjandisheiði hefur farið fram samkvæmt þágildandi lögum um nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin lagði fram matsskýrslu 16. mars 2020 og óskaði eftir áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar⁷. Við gerð skipulagsbreytingarinnar er höfð hliðsjón af matsskýrslunni og áliti Skipulagsstofnunarinnar með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.

Samkvæmt matsskýrslu Vegagerðarinnar er framkvæmdinni skipt upp í þrjá hluta og tilheyrir þessi hluti Áfanga II, Vestfjarðarvegur, Tröllaháls – Mjólkárvirkjun, veglinur F, B2, D og E. Breytingin á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar á við um svæðið frá sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Vesturbryggðar að Mjólkárhlið. Umhverfismatið tekur til veglina D og F.

Í matsskýrslunni kemur m.a. fram að markmið með framkvæmdinni sé „að bæta samgöngur um Vestfirði með því að tryggja áreiðanlegar og öruggar samgöngur um Vestfjarðarveg og Bíldudalsveg. Nýir vegir verða með bundnu slit lagi og uppbyggðir með tilliti til snjóa.“

Í matsskýrslunni kemur fram að framkvæmdin geti haft jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku en „neikvæð áhrif á landnotkun, verndarsvæði, heilsu og hljóðvist, fornleifar, gróðurfar, dýralíf, jarðmyndanir og landslag.“ Reynt verður að „draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með gróðri hönnun og frágangi“ og með mótvægisáðgerðum og vöktun.

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa veruleg jákvæð samfélagsleg áhrif, m.a. vegna aukins umferðaröryggis. Fyrirhuguð uppbygging skapar atvinnu og möguleika á auknu flæði vinnafls á milli svæða. Verslun og þjónusta eru líkleg til að styrkjast. Starfsemi almannavarna og björgunarsveita verður auðveldari en áður og öryggi eykst.

⁷ Vegagerðin 2020

Álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu

Í áliti Skipulagsstofnunar, dags. 3. júlí 2020, segir m.a. í niðurstöðu:

„Með tilkomu heilsársvegar um Dynjandisheiði munu samgöngur á Vestfjörðum batna umtalsvert frá því sem nú er. Almennt má segja að umhverfisáhrif vegaframkvæmda á sjálfri Dynjandisheiði verði takmörkuð. Þar kemur vegur að mestu til með að liggja um lítt gróin klapparholt með litillli gróðurþekju.“

Önnur helstu umhverfisáhrif áfanga II felast í neikvæðum áhrifum á friðlyst svæði Dynjanda. Þar eru lagðar fram tvær veglinur (F og D) sem að mati Skipulagsstofnunar hafa báðar talsvert neikvæð áhrif á verndarsvæðið. Áhrif valkostanna á þá umhverfisþætti sem lagt er mat á eru mismunandi og takast því á ólik sjónarmið varðandi það hvor kosturinn sé heppilegri innan verndarsvæðisins. Veglina F liggur að miklu leyti um óraskað svæði og liggur ofar í landi en veglina D. Þá fylgja linu F umfangsmiklar skeringar og fyllingar.

Veglina F hefur því neikvæðari áhrif á landslag innan verndarsvæðisins en veglina D. Veglina F hefur á móti þann kost að liggja fjær Dynjanda sjálfum. Því kann hún að leiða til aukinnar friðsældar í næsta nágrenni fossins. Verði númerandi vegur fjarlægður og unnið vel að uppgræðslu birkis í númerandi vegstæði verður aukin samfella í birkikjarri. Þá liggur veglina F einnig fjær minjaheild við Búðavík sem felur í sér tækifæri til að gera menningarminjum innan verndarsvæðisins betri skil.

Veglina D liggur að stórum hluta um númerandi veg og felur í sér mun minna rask á óröskuðu svæði en veglina F. Hún felur því í sér töluvert minni breytingu á landslagi svæðisins frá númerandi ástandi en veglina F. Helsti ókostur línumnar er rask á minjaheild við Búðavík.

Skipulagsstofnun tekur ekki afstöðu til þess hvor kosturinn eigi að verða fyrir valinu en bendir á að Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir samkvæmt valkosti F samræmist ekki verndarskilmálum friðlysts svæðis við Dynjanda.“⁸



Mynd 4-1 Myndin sýnir tvo kosti sem voru til skoðunar við skipulagsgerðina, svokallaðar D og F leiðir upp úr Dynjandisvogi, ásamt efnistökusvæðum.

4.2 UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum eru metin samhliða aðalskipulagsbreytingunni og niðurstaða fléttuð inn í greinargerðina.

⁸ Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Metin eru áhrif á náttúrufarslega þætti, hagræna þætti og innviði, heilsu og öryggi og landslag, ásýnd og menningararf sbr. töflu 4.1. Vinsun umhverfispáttá.

Tafla 4.1 Vinsun umhverfispáttá. Matsþættir og umhverfispættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna breytingar á aðalskipulaginu.

Matsþættur	Umhverfispættir ⁸	Skýringar
Náttúrufarslegir þættir	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, jarðmyndanir, vatn og loftslag	Vegna rasks á landi og áhrifa á jarðminjar og vistgerðir. Áhrif á gróður, dýralif, vatnafar og vatnalið. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs.
Hagrænir þættir og innviðir	Samfélag, eignir, veðurfar og næmni fyrir hættu á náttúruhamförum	Aukin umsvif á framkvæmdatíma. Styrkari innviðir og almenn jákvæð áhrif á byggð á Vestfjörðum. Áhrif á útvist og upplifun ferðamanna, m.a. á framkvæmdatíma.
Útvist, heilsa, og öryggi	Heilbrigði manna og loftgæði	Áhrif á upplifun lands og útvist á framkvæmdatímanum. Umferð, ryk og ónæði á framkvædatímanum. Aukið umferðaröryggi að framkvæmdum loknum.
Landslag, ásýnd og menningararfur	Landslag og menningarminjar	Breytingar á ásýnd svæðisins. Áhrif á fornleifar og búsetulandslag.

Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaða

Við umhverfismatið er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis, upplýsingar úr mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðarvegar á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi í Vesturbýggð og upplýsingar sem fram komu í skipulagsvinnunni.



Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar⁹ sbr. töflu 4.2. hér til hliðar. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort valkostir um stefnu styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar eru matsspurningar til að greina hvort stefnan styður eða vinnur gegn viðmiðunum.

Stefnukostir

Metnir eru valkostir um stefnu aðalskipulagsins, með það að markmiði að matið gefi yfirsýn og veiti upplýsingar um það svigrúm sem er til stefnumótunar.

Eftirfarandi valkostir eru skoðaðir í tengslum við aðalskipulagsbreytinguna:

- **Núll-kostur.** Að ekki verði af uppbyggingu veganna.
- **Vestfjarðavegur – Leið D** ([Mynd 4-1](#)~~Mynd 4-1~~). Leiðin fylgir að mestu núverandi veglinu nema í Afréttardal.
- **Vestfjarðavegur – Leið F** ([Mynd 4-1](#)~~Mynd 4-1~~). Leiðin fylgir að mestu núverandi veglinu nema í Dynjandisvogi og Afréttardal.

Tafla 4.2 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvist er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

⁹ Skipulagsstofnun 2007



4.3 ÁHRIF AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR OG EFTIRFYLGNÍ

Náttúrufarslegir þættir

Matsspurning	Vægiseinkunn Núllkostur	Vægiseinkunn D leið	Vægiseinkunn F leið
Hefur stefnan áhrif á loftslag, losun gróðurhúsalofttegunda og /eða viðbrögð við loftslagsbreytingum?	0	-	-
Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem svæði á náttúruminjaskrá, vistkerfi eða jarðminjar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	0	--	--
Hefur stefnan áhrif á gróður og dýralíf?	0	-	--
Hefur stefnan áhrif á lífriki straumvatna og stöðuvatna?	0	0	0

Viðmið: Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Skýringar: Við vegagerð verður rask á grónu landi en það leiðir til losunar gróðurhúsalofttegunda, í það minnsta til skamms tíma litið. Leggja þarf áherslu á það að raska sem minnstu svæði á viðkvæmum stöðum og vanda allan frágang við veg. Mun það stuðla að bindingu gróðurhúsalofttegunda til langstíma litið.

Báðar leiðirnar eru líklegar til að hafa talsverð neikvæð áhrif á friðlýst svæði Dynjanda, þó fossinn sjálfur sé að miklu leyti í hvarfi af Stórahóli. Mikilvægt er að fjarlægja ummerki eldri vegar og ganga frá svæðum með þeim hætti að ásýnd þess svæðis sé sem næst upprunalegu horfi.

Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á merkar náttúruminjar þ.e. bæði leið D og F, s.s. fjörur og votlendi sem njóta verndar. Mikilvægt er að votlendi verði endurheimt í stað þess sem tapast. Engum jarðmyndunum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga verður raskað.

Báðar leiðir munu neikvæð áhrif á dýralíf og gróður m.a. birkiskóglum en áhrifin verða minni af leið D sem fylgir núverandi vegstæði í meiri mæli. Mikilvægt er að röskuðum svæðum verði haldið í lágmarki og að gripið verði til mótvægisáðgerða s.s. með nýtingu svarðlags við uppgræðslu á röskuðum svæðum. Áhrif á lífriki straumvatna og stöðuvatna óveruleg ef vandað er til hönnunar þverana vatna.

Áhrif veglagningar á náttúrufarslega þætti á sjálfrí heiðinni eru talin óveruleg.

Til langstíma litið getur framkvæmdin haft jákvæð áhrif á gróður og dýralíf með mótvægisáðgerðum og vöktun.



Hagrænir þættir og innviðir

Matsspurning	Vægiseinkunn Núllkostur	Vægiseinkunn D leið	Vægiseinkunn F leið
Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	--	++	++
Stuðlar stefnan að atvinnuuppbryggingu á svæðinu og í nágrannabyggðarlögum?	-	+	+
Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	0	-	--
Eykur stefnan næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum?	-	+	+

Viðmið: Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

Skýringar: Með nýjum vegi um Dynjandisheiði verða heilsárs vegasamgöngur á milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða að veruleika. Jákvæð samfélagsleg áhrif verða margvísleg, m.a. á þjónustu og atvinnulíf og áhrifin taka til stórs svæðis og fjölda fólks. Nýr vegur þar sem tekið er mið af hættu vegna veður eykur umferðaröryggi og dregur þannig úr næmni svæðisins fyrir hættu á náttúruhamförum.

Ný veglina mun hafa áhrif á áfangastaðinn Dynjanda en áhrifin af leið D eru takmörkuð þar sem leiðin er að mestu leyti í hvarfi vegna Stórahóls, séð frá áningarstað og neðri hluta fossins. Leið F liggur hærra í landinu og mun því verða sýnilegur af stærra svæði við Dynjanda.

Heilsa og öryggi

Matsspurning	Vægiseinkunn Núllkostur	Vægiseinkunn D leið	Vægiseinkunn F leið
Stuðlar stefnan að öryggi fólks/ferðamanna á vegum?	-	+	+
Stuðlar stefnan að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru?	0	0	0
Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum, svo sem með losun eða efnistöku?	0	-	-

Viðmið: Stuðla að heilbrigðu lífneri og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa.

Skýringar: Nýr uppbyggður vegur leysir gamlan mjóan malarveg af hólmi og eykur þar með umferðaröryggi. Á framkvæmdatíma verða neikvæð áhrif á heilnæmi umhverfis, s.s. vegna ryks og hávaða en áhrifin varða aðeins vegfarendur en ekki í byggð. Til lengri tíma eykst hávaði vegna líklegrar umferðaraukningar en áhrifin eru talin óveruleg.

Búast má við neikvæðum áhrifum á vatn og vistkerfi.



Landslag, ásýnd og menningararfur

Matsspurning	Vægiseinkunn Núllkostur	Vægiseinkunn D leið	Vægiseinkunn F leið
Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðháttum?	0	++	+
Hefur stefnan áhrif á og/eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	0	-	--
Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	--	-

Viðmið: Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru- og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.

Skýringar: Stefnan styður að vissu marki markmið um að staðsetning og hönnun mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðháttum, þar sem ný veglína fylgir í meginatriðum fyrra vegvegstæði. Leið D víkur minna frá vegstæðinu en það fylgir landslaginu. Leið F víkur frá fyrra vegstæði í Dynjandisvogi og eru þau áhrif talvert neikvæð. Ennfremur mun stefnan hafa töluverð neikvæð áhrif á ásýnd lands vegna efnistökusvæða.

Stefnan mun hafa töluverð neikvæð áhrif á fornleifar þar sem margar þeirra eru nálægt vegin. Með leið D munu fornleifar í Búðavík raskast að fullu.

Niðurstaða umhverfismats og samlegðaráhrif

Núllkostur hefur í heildina verulega neikvæð áhrif á hagræna þætti og innviði. Stefnan stuðlar ekki að styrkari innviðum eða eflir atvinnulíf og eykur ekki öryggi. Áhrif á aðra umhverfispætti eru óveruleg, hvort sem litil er til langs eða skamms tíma

Valkostir D og F hafa verulega jákvæð áhrif á innviði og hagræna þætti. Með nýjum vegin um Dynjandisheiði verða öruggar heilsárs vegasamgöngur á milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða að veruleika.

Báðar leiðirnar munu hafa neikvæð eða verulega neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti, s.s. vegna losunar gróðurhúsategunda, náttúrumínjar, gróður og dýralíf en óveruleg áhrif á vötn. Áhrif leiðar D á gróður og dýralíf er minni en af leið F.

Báðar leiðirnar munu hafa jákvæð áhrif á öryggi, óverulega áhrif á heilnæmi umhverfis og útvist en neikvæð áhrif á grunnvatn og vistkerfi.

Leið D styður betur markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðháttum, miðað við leið F. Leið F hefur jafnframt meiri neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Fleiri menningarminjar munu raskast á leið D.

Heilt yfir hefur leið D verulega jákvæð áhrif á hagræna þætti og minni neikvæð áhrif á aðra þætti miðað við leið F, að menningarminjum undanskildum.

Lágarmarka þarf neikvæð áhrif með mótvægisáðgerðum við veghönnun og leyfisveitingar.

Eftirfylgni og vöktun

Við framkvæmd þarf að taka tillit til fornleifa á svæðinu og merkja þær minjar sem kunna að vera í hættu. Fjarlægja þarf ummerki eldri vegar og ganga frá þeim svæðum. Takmarka þarf allt rask og græða þarf röskuð svæði með grenndargróðri og lágmarka hættu á jarðvegsrofi. Leitast þarf við að endurheimta votlendi og birkiskóg sem raskast. Við útfærslu framkvæmda er mikilvægt að lágmarka neikvæð áhrif.



5 HEIMILDIR

Vegagerðin Hönnunardeild. Mars 2020. *Vestfjarðarvegur (60): um Dynjandisheiði og Bildudalsvegur (63) frá Bildudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ.* Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.

Umhverfisstofnun. 2021. *Náttúruminjaskrá.*

<https://ust.is/natura/natturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/vestfirdir/>

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Febrúar 2019. *Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar. Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og Bildudalsvegur (63). Með viðbótum vegna breytinga á veglinum.* NV nr. 06-19. Náttúrufræðistofa Vestfjarða.

Landskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð.

https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjal/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerd.pdf

Ísafjarðarbær og Teknistofan Eik ehf. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Desember 2009.

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425495236512500>

Vesturbyggð og Landmótun sf. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. 17. maí 2006.

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425404947606250>

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi.

Skipulagsstofnun. 2007. *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.*